

**53. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
18. janúar 2017 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Valgarður L. Jónsson varaáheyrnarfulltrúi, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1612140 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

Afgreiðsla trúnaðarmál.

**2. 1612109 - Uppsögn á samningi um bakvaktir barnaverndar**

Starfsmenn Akraneskaupstaðar sem ganga bakvaktir barnaverndar hafa sagt upp samningi sem undirritaður var árið 2012. Uppsögn tekur gildi 1. apríl 2017.

*Sviðsstjóri og félagsmálastjóri greindu frá uppsögn á samningi starfsmanna á bakvöktum í barnavernd. Unnið er að greiningu á starfi barnaverndar hjá Akraneskaupstað. Niðurstaða verður kynnt ráðinu áður en uppsögn tekur gildi.*

**3. 1601443 - Endurnýjun bifreiðar fyrir ferðapjónustu fatlaðra**

Verðkönnun fór fram vegna endurnýjunar á þjónustubifreið fyrir ferðapjónustu fatlaðra og aldraðra á Akranesi. Eitt verðboð barst í verkið.

*Opin voru verðboð í verkið 22. desember 2016.*

*Verðboð sem barst í verkið "Kaup og breyting á þjónustubifreið fyrir ferðapjónustu fyrir fatlað fólk á Akranesi":*

*BL. Kr. 10.967.853-*

*Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 12.000.000-*

*Velferðar- og mannréttindaráð veitir sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs og framkvæmdastjóra Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Höfða heimild til að ganga frá verksamningi við bjóðanda á grundvelli verðboðsgagna.*

**4. 1402250 - Starfsendurhæfing Vesturlands - leiga á húsnæði við Suðurgötu  
57**

Samningur hefur verið milli Akraneskaupstaðar og Starfsendurhæfingar Vesturlands um afnot af húsnæði að Suðurgötu 57, Akranesi og aðgengi að tilteknum mannvirkjum og búnaði í eigu Akraneskaupstaðar. Leigusamningurinn gildir frá 1. janúar 2015 og er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 3 mánaða fyrirvara. Endurskoðun á samningi átti í fyrsta skipti að fara fram lok árs 2016.

*VG*

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að bæjarráð endurskoði leigu og endurgjald fyrir aðstöðunotkun með tilliti til vísitöluhækunar.  
Sveinborg vék af fundi kl. 16:55.

**5. 1701200 - Tómstundaráðgjöf fyrir 60 ára tilraunaverkefni**

Samstarf hefur verið milli skóla- og fristundasviðs og velferðar- og mannréttindasviðs í samvinnu við íþróttafulltrúa ÍA um að móta tilraunaverkefnið "Tómstundaráðgjöf fyrir aldurshópinn 60 ára og eldri sem eru ekki lengur á vinnumarkaði". Aðrir samstarfsaðilar verða FEBAN, félag eldri borgara á Akranesi og nágrenni.

*Velferðar- og mannréttindaráð lýsir yfir ánægju yfir þessu samstarfi.*

**6. 1612039 - Þroskahjálp - húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart föltuðu fólkí**

Bréf Þroskahjálpar þar sem vakin er athygli stjórnenda sveitarfélaga á að huga sérstaklega að aðstæðum og þörfum fólks með þroskahömlun og fatlaðs fólks almennt þegar þeir gera áætlanir í húsnæðismálum og setja reglur og/eða taka ákváðanir um veitingu stofnframлага samkvæmt nýjum lögum sem um það gilda.

*Lagt fram til kynningar.*

**1701207 - Leiðbeinandireglur fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks**

**7. húsnæðisstuðnings skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum**

Velferðarráðuneytið samþykkti 30. desember 2016 leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélag, með síðari breytingum.

Viðmiðunarreglurnar höfðu áður verið sendar út í drögum til umsagnar hjá sveitarfélögum. Veigamesta breytingin felst í viðmiðunarþárhæðum skv. 8. gr., en þær fjárhæðir hafa verið hækkaðar um 13,4% frá þeirri útgáfu sem send var út til umsagnar.

*Lagt fram til kynningar.*

**8. 1607041 - Almennar íbúðir - stofnstyrkur til Brynja hússjóður**

Velferðar- og mannréttindaráð lagði til við bæjarráð á 47. fundi sínum 26. október sl. að farið yrði í samstarf við Brynju hússjóð samkvæmt umsókn þeirra um stofnframlag Akraneskaupstaðar til kaupa á 6 íbúðum fyrir öryrkja fram til ársins 2018. Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 27. október sl. umsókn Brynju Hússjóðs um stofnstyrk. Svar hefur nú borist frá Íbúðalánaþjóði á umsókn Brynju og verða þrjár íbúðir keyptar á árinu 2017.

*Lagt fram til kynningar.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.

*Vilborg P. Guðmundsdóttir  
Lina Bráðarson  
Valgerður S. Þurðarson  
Hanna Kóra Þorgrímsdóttir*

*Svala Þórssdóttir*